

29 einn og einn fyrir alla greiðslu sekta. Sama er um stjórnendur fjelaga og 27. júní stofnana.

25. gr.

Fjármálaráðuneytið setur reglur um framkvæmd laga þessara, að því leyti sem þess verður þörf og innan þeirra takmarka, sem í þeim eru sett.

26. gr.

Mál vegna brota á lögum þessum og reglum, settum samkvæmt 25. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Sektir fyrir brot á lögum þessum og reglum þeim, er í 25. gr. segir, skulu renna í ríkissjóð.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 70, 28. nóv. 1919, um skrásetning skipa.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Þorláksson.

30

27. júní

L Ö G

um

selaskot á Breiðafirði og uppdráp.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Öll selaskot skulu hjer eftir bönnuð á Breiðafirði og fjörðum þeim, sem inn úr honum ganga, fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá Eyrarfjalli,

suðnan Breiðafjarðar, í Stagley og frá Stagley hálfa mílu frá Oddbjarnarskeri 30
nyrðra í Bjargtanga í Barðastrandarsýslu. 27. júní

Undanþegið þessu banni er þó svæði á Hvammsfirði, er liggur fyrir utan línu úr Ljárósum í Teigshyrnu og innan línu þaðan í Hólmlátursborgir.

Í selalátrum á bannsvæðinu er engum öðrum en eigendum eða umráðamönnum látranna heimilt að rota seli eða drepa uppi.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum og skaðabótum eftir 5., 15. og 16. gr. í tilskipun 20. júní 1849, þó svo, að viðbótarsekt sú, sem ákveðin er í niðurlagi 15. gr., skal vera 50—150 kr. fyrir hvern sel, sem skotin er eða uppi drepinn, og renna að $\frac{1}{3}$ í sveitarsjóð þar, sem brot er framið, og að $\frac{2}{3}$ til uppljóstrarmanns. Byssan, sem skotið er með, skal og upptæk og andvirði hennar skift eftir sömu hlutföllum milli sömu aðilja.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

LÖG

um

einkenning fiskiskipa.

31

27. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Öll skip, íslensk sem erlend, sem ætluð eru til fiskiveiða, skulu bera á sjer glögt heiti sitt og heimilisfang, er þau koma í íslenska landhelgi eða hafast þar við.